

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Laxá í Aðaldal, Mýrarkvísl og Reykjadalsá 2025

Seiðabúskapur og veiði

Guðni Guðbergsson og Sveinn Kári Valdimarsson

Unnið fyrir veiðifélag Laxár í Aðaldal

Vinna kostuð af Landsvirkjun



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Laxá í Aðaldal, Mýrarkvísl og Reykjadalsá 2025 - Seiðabúskapur og veiði

Laxá í Aðaldal, Mýrarkvísl and Reykjadalsá 2025 – Juvenile density and Catch

Höfundar	Guðni Guðbergsson og Sveinn Kári Valdimarsson
Unnið fyrir	Veiðifélag Laxár í Aðaldal
Verkefnisstjóri	Guðni Guðbergsson
Yfirfarið af	Sigurður Óskar Helgason
Samþykkt af	Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri Ferskvatns- og eldissviðs

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

Númer	HV 2026-07-26	ISSN	2298-9137
Dagsetning	03. júlí 2026	Dreifing	Opin
Fjöldi síðna	37	Verknúmer	8949

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Í þessari skýrslu segir frá niðurstöðum seiðamælinga í Laxá í Aðaldal, Mýrarkvíslar og Reykjadalssár síðsumars 2025. Niðurstöðurnar voru bornar saman við fyrri gögn vöktunar sem staðið hefur með sambærilegum hætti í Laxá frá árinu 1971 en gögn úr Mýrarkvísl og Reykjadalssá ná yfir styttri tíma.

Samanburður á framleiðslueiningum í ánum á vatnasvæði Laxár sýnir að um helmingur liggur í Laxá og sinn hvor fjórðungur í Mýrarkvísl og Reykjadalssá. Laxastofnar vatnakerfis Laxár hafa minnkað og veiði dregist saman. Seiðavísitölur fóru lækkandi í Laxá frá árinu 1996 og var gefin sú ráðgjöf að draga úr sókn með því að sleppa öllum löxum. Því var mætt í stangveiðinni frá 2006. Síðustu árin hefur vísitala væntanlegra gönguseiða hækkað. Þéttleiki laxaseiða í Mýrarkvísl hækkaði 2016 og hefur þéttleiki einsárs og eldri seiða verið um meðaltal. Þéttleiki laxaseiða í Reykjadalssá hefur verið breytilegur.

Laxveiði í Laxá hefur verið undir meðaltali frá því um 2000 og í Reykjadalssá frá 1994. Veiðin í Mýrarkvísl hefur verið vaxandi og yfir meðaltali frá 2022.

Fiskrækt hefur verið aukin í Laxá síðustu ár með því að ala undaneldisstofn/klakstofn í eldisstöð. Frá honum hefur verið sleppt seiðum og grafin hrogn undanfarin ár. Ekki er ráðlegt að viðhalda þessari starfsemi til lengri tíma en vænta má að árangur af henni verði mælanlegur á allra næstu árum.

Lykilorð: Laxá, Reykjadalssá, Mýrarkvísl, framleiðslueiningar, stangveiði, seiðapéttleiki.

Abstract

This report presents the results of the juvenile surveys in River Laxá in Aðaldalur, Mýrarkvísl and Reykjadalssá in late summer 2025. The results were compared with previous monitoring data that has been conducted in a similar manner in Laxá since 1971, but data from Mýrarkvísl and Reykjadalssá cover a shorter period. A comparison of production units in the rivers in the Laxá catchment area shows that about half are in Laxá and a quarter each in Mýrarkvísl and Reykjadalssá. Salmon stocks in the Laxá water system have declined as well as the angling catch. Juvenile indices have been declining in Laxá since 1996 and advice was given to reduce the effort by releasing all salmon. This was met in the angling fishery from 2006. In recent years, the index of smolt production has increased. The density of salmon fry in Mýrarkvísl increased in 2016 and the density of one-year-old and older juvenile has been around average. The density of salmon fry and parr in Reykjadalssá has been variable. Salmon fishing in Laxá has been below average since around 2000 and in Reykjadalssá since 1994. Fishing in Mýrarkvísl has been increasing and above average since 2022. Stocking has been increased in Laxá in recent years by raising a hatchery broodstock. From this, fry has been released and eggs have been planted in recent years. It is not advisable to maintain this activity in the long term, but it can be expected that its results will be measurable in the next few years.

Keywords: Laxá, Reykjadalssá, Mýrarkvísl, production units, angling catches, juvenile density.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
2 Staðhættir	2
3 Fyrri mælingar	3
4 Sjálfbærni	3
5 Aðferðir	4
6 Niðurstöður	7
6.1 Hitastig	7
6.2 Seiðamælingar	7
6.3 Veiðin í Laxá, Mýrarkvísl og Reykjadalssá	14
6.4 Aldursgreiningar laxa og skipting eftir árgöngum og uppruna samkvæmt hreistri í Laxá í Aðaldal og Mýrarkvísl	19
7 Umræður	21
7.1 Ráðgjöf	22
Þakkarorð	22
Heimildir	23
Viðauki 1	27

Myndaskrá

Mynd 1. Skipting framleiðslueininga í ám í vatnakerfi Laxár í Aðaldal.	2
Mynd 2. Kort af rannsóknarsvæðinu. Rafveiðistöðvar eru merktar inn á kortið.	6
Mynd 3. Hitaferill Laxár í Aðaldal. Hitamælir er staðsettur á brú við Laxamýri. Gula línan er meðalhiti hvers dags á árunum 1996-2024. Blá línan er hiti síðastliðins árs. Athugið að lesið er af hitamæli 1. september þannig að bláa línan frá 1. september – 31. desember er hiti á árinu 2024.	7
Mynd 4. Þéttleiki vorgamalla (0+) laxaseiða og árgamalla og eldri (1+) á öllum rafveiðistöðum í Laxá í Aðaldal frá 1986-2025.	10
Mynd 5. Þéttleiki vorgamalla (0+) laxaseiða og árgamalla og eldri (1+) á öllum rafveiðistöðum í Mýrarkvísl 1998-2025.	12
Mynd 6. Þéttleiki vorgamalla (0+) laxaseiða og árgamalla og eldri (1+) á öllum rafveiðistöðum í Reykjadalsá 1987-2025.	12
Mynd 7. Vísitala fyrir þéttleika laxaseiða, árgamalla (1+) og eldri, á hverja 100 m ² á rafveiðistöðvum við Hólmavað, Jarlsstaði, Núpa og Eskey 1985-2025 (efri mynd) og vísitala seiðapéttleika árgamalla (1+) og eldri seiða á öllum stöðvum í Laxá saman (neðri mynd).	14
Mynd 8. Veiði á laxi, urriða á bleikju í Laxá í Aðaldal á árunum 1974-2025.	16
Mynd 9. Laxveiði í Laxá í Aðaldal, Reykjadalsá og Mýrarkvísl á árunum 1974 – 2025.	18
Mynd 10. Laxveiði í Laxá í Aðaldal, Reykjadalsá og Mýrarkvísl á árunum 1974 – 2025.	21

Töfluskrá

Tafla 1. Rafveiðistöðvar í Laxá, Mýrarkvísl og Reykjadalsá. Stærð botnflatar, fjöldi og þéttleiki laxa- og urriðaseiða í rafveiðum í haustið 2025.	8
Tafla 2. Meðallengd aldurshópa ± staðalfrávik (cm), fjöldi mælinga innan sviga haustið 2025.	
Tafla 3. Fjöldi og þéttleiki urriðaseiða í rafveiðum í Laxá, Mýrarkvísl og Reykjadalsá 2025 skipt í vorgömul og eldri seiði.	9
Tafla 4. Fjöldi og þéttleiki laxaseiða í rafveiðum í Laxá, Mýrarkvísl og Reykjadalsá 2025 skipt í vorgömul og eldri seiði.	11
Tafla 5. Veiði í Laxá í Aðaldal samkvæmt veiðiskráningu á árunum 1974-2025.	15
Tafla 6. Veiði í Mýrarkvísl samkvæmt veiðiskráningu á árunum 1974-2025.	17
Tafla 7. Veiði í vatnakerfi Reykjadalsár og Eyvindarlækjar samkvæmt veiðiskráningu á árunum 1974-2025.	19
Tafla 8. Aldursgreiningar hreistur af veiddum löxum í Laxá í Aðaldal 2025 skipt eftir uppruna, ferskvatnsaldri og sjávaraldri. Gönguseiði eru í efri töflu og villt seiði í neðri töflu.	20
Tafla 9. Aldursgreiningar hreistur af veiddum löxum í Mýrarkvísl 2025 skipt eftir uppruna, ferskvatnsaldri og sjávaraldri. Gönguseiði eru í efri töflu og villt seiði í neðri töflu.	20

1 Inngangur

Þessi skýrsla tekur saman niðurstöður seiðamælinga í þremur vatnsföllum, **Laxá í Aðaldal, Mýrarkvísl og Reykjadalsá**. Slíkt sameiginlegt yfirlit hefur ekki áður verið birt, en það mætti teljast eðlilegt af eftirfarandi ástæðum:

1. Vistfræðileg tengsl milli vatnsfalla

Mýrarkvísl rennur í Laxá ofan Æðafossa og Reykjadalsá rennur í Vestmannsvatn sem tengist Laxá í gegnum Eyvindarlæk.

Þannig eru öll þrjú vatnsföllin hluti af sama vistkerfi og hafa bein áhrif hvert á annað.

2. Samlegð í búsvæðamati

Búsvæðamat hefur verið unnið fyrir öll vatnsföllin, sem gerir kleift að bera þau saman á grundvelli framleiðslueininga (Guðni Guðbergsson 2004, Guðni Guðbergsson og Sigurður Ó. Helgason 2025).

Samkvæmt niðurstöðum búsvæðamats fellur framleiðslugeta svæðisins þannig að Laxá er með um helming eininganna en hinar árnar tvær með fjórðung hvor (Mynd 1):

Laxá í Aðaldal: ~48%

Mýrarkvísl: ~24%

Reykjadalsá: ~28%

3. Áhrif á stofna Atlantshafslax


Laxá í Aðaldal er ein þekktasta laxveiðiá Íslands, en ástand í hliðarám skiptir máli fyrir heildarstofninn. Frjósemi og framleiðslugeta í Mýrarkvísl og Reykjadalsá hefur bein áhrif á gönguseiði sem síðan styðja við veiði í Laxá.

4. Heildstæð nálgun

Með því að skoða þessi þrjú vatnsföll saman fáum við heildstæða mynd af framleiðslumöguleikum og ástandi seiðastofna í vistkerfi Laxár. Þessi nálgun hjálpar að skilja framtíðarafrakstur veiða í ánum.

Skýrslan er unnin fyrir Veiðifélag Laxár í Aðaldal og kostuð samkvæmt samningi við Landsvirkjun sem rekur rennislisvirkjanir til raforkuframleiðslu í Laxá.

Hlutfall framleiðslueininga (FE) í Laxá í Aðaldal og hliðarám



Mynd 1. Skipting framleiðslueininga í ám í vatnakerfi Laxár í Aðaldal. Seljadalsá fellur í Reykjadalsá og samtals eru þær með tæp 28% af framleiðslueiningum kerfisins. Mýrarkvísl, Geitafellsá og Kringlugerðisá falla saman og eru samtals um 24% vatnakerfinu.

2 Staðhættir

Laxá í Aðaldal er fiskgeng frá ósi við Skjálfandaflóa að Brúarfossu. Laxá hefur lengi verið álitin ein af bestu laxveiðiám landsins og hefur hún nokkra sérstöðu áa hér á landi vegna uppruna, legu og rennlishátta (Gísli Már Gíslason 1991, en eftirfarandi lýsing er byggð á grein Gísla). Laxá fellur úr Mývatni í þremur kvíslum en til Mývatns fellur vatn að mestu úr lindum. Mývatn er í 277 m hæð yfir sjó. Rennsli Laxár við ósa Mývatns er um $33\text{m}^3/\text{sek}$. Nokkru neðan útfallsins fellur Kráká til syðstu kvíslar Laxár og er rennsli hennar um $7\text{m}^3/\text{sek}$. Nokkru neðar fellur Sortulækur til Laxár en hann á upptök í Sandvatni-ytra og er meðalrennsli hans um $1\text{m}^3/\text{sek}$. Um 4,5 km frá Mývatni fellur Helluvaðsá til Laxár og er rennsli hennar um $3\text{m}^3/\text{sek}$. Helluvaðsá fellur úr Arnarvatni en í það rennur Gautlandalækur sem á upptök í Sandvatni-syðra en þar heitir lækurinn Bjarnastaðalækur. Frá Helluvaði fellur Laxá um Laxárdal að Brúarfossu en þeir eru og hafa verið ófiskgengir. Í Laxá frá Mývatni að Brúarfossu er staðbundinn urriðastofn sem gefur umtalsverða og eftirsóttá veiði á staðbundnum urriða. Einstaka bleikja veiðist einnig á því svæði.

Í Aðaldal fellur Eyvindarlækur í Laxá en meðalrennsli hans er $2,5\text{m}^3/\text{sek}$. Eyvindarlækur fellur úr Vestmannsvatni en framan þess heitir hann Reykjadalssá sem á upptök á Mývatnsheiði.

Mýrarkvísl fellur til Laxár þar sem hún breiðir úr sér við Mýrarvatn á móts við bæinn á Laxamýri. Meðalrennsli Mýrarkvíslar er um $5\text{m}^3/\text{sek}$ en Mýrarkvísl fellur úr Langavatni. Ofan þess er Geitafellsá og Kringlugerðisá sem fellur úr Kringluvatni. Neðan Mýrarvatns fellur Laxá í fossum, Æðarfossom, fram af fornum sjávarhömrum. Þar fyrir neðan fellur áin hallalítið um 2 km leið til sjávar í Sjálfandaflóa.

3 Fyrri mælingar

Í vöktun sem þeirri sem hér er kynnt er leitast við að hafa gagnasöfnun með sambærilegu sniði, með mælingum á sömu þáttum og á sömu stöðum ár hvert. Árlega er gerð grein fyrir niðurstöðum hvers árs, þær bornar saman við fyrri ár og grein gerð fyrir hugsanlegum breytingum. Þannig hefur byggst upp gagnagrunnur og aukin þekking á vistfræði laxfiska árinna og veiðinýtingar.

Mælingar í Laxá í Aðaldal hafa verið gerðar reglulega síðan 1991 (Tumi Tómasson 1991, Guðni Guðbergsson 1993, 1994, 1995, 1996; Guðni Guðbergsson og Tumi Tómasson 1997, Guðni Guðbergsson 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2019, 2020, 2021, 2023 og 2024). Einhverjar breytingar hafa verið gerðar á mælistöðum í samræmi við mat á búsvæðum (Guðni Guðbergsson 2004).

Frá árinu 2009 hafa reglulegar seiðamælingar verið gerðar í Reykjadalssá. Rannsóknirnar hafa verið unnar fyrir veiðifélag Reykjadalssár og Eyvindarlækjar og Veiðifélag Laxár í Aðaldal. Frá árinu 2024 hafa seiðamælingar verið kostaðar af Landsvirkjun. Fyrstu rannsóknir á seiðabúskap Reykjadalssár sem vitað er um voru gerðar árið 1976 (Karlström 1976). Árin 1984 og 1985 var gerð úttekt á seiðabúskap Reykjadalssár og Seljadalsár (Tumi Tómasson 1986) auk þess að gerð var mæling á seiðaástandi Reykjadalssár vor og haust árin 1987-1990 (Tumi Tómasson 1991). Veiðifélag Reykjadalssár hefur einnig gert mælingar á seiðaástandi (Ari Teitsson munnl. uppl.). Haustið 2000 var seiðum safnað til rannsókna á fæðu laxa- og urriðaseiða (Eik Elvarsdóttir 2001; Guðrún Finnbogadóttir 2001). Frekari seiðamælingar í Reykjadalssá voru gerðar árin 2002 og 2003 (Guðni Guðbergsson 2003 og 2004) 2006 og svo árin 2009-2023 (Guðni Guðbergsson, 2007, 2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2018, 2019, 2020 og 2024).

Úttektir á seiðabúskap Mýrarkvíslar hafa verið gerðar árvísið frá 2008 (Guðni Guðbergsson 2009, 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014) en áður hafði seiðabúskapur verið kannaður, 1988 og 1990 (Tumi Tómasson 1991), svo 1998, (Guðni Guðbergsson 1999) og 2006 (Guðni Guðbergsson 2007). Árið 1975 gerði Jón Kristjánsson úttekt á seiðabúskap árinna og Árni Ísaksson 1977 (greinargerðir í skjalasafni Hafrannsóknastofnunar).

4 Sjálfbærni

Markmið laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er að kveða á um „skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra“ en í því felst „þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum“ (World Commission on Environment and Development 1987). Veiðifélög og veiðiréttarhafar þar sem ekki eru

veiðifélög, bera ábyrgð á að ná þeim markmiðum og er þeim skylt að hafa nýtingaráætlun til að ná markmiðum laganna. Veiðifélög sem stunda fiskrækt þurfa jafnframt að hafa í gildi fiskræktaráætlun samþykkt af Fiskistofu.

Við mat á langtímaþróun stofna og veiði er oft litið til tímabilsins frá 1974 en í flestum tilfellum hefur ástundun og nýting með stangveiði breyst lítið á þeim tíma og sókn hefur verið í föstum skorðum. Skráning á veiði hér á landi hefur til langs tíma verið með því besta sem gerist. Slík kerfisbundin skráning gefur mikilsverðar upplýsingar um ástand stofna og fiskgengd.

Þegar árleg veiði stendur ekki undir væntingum vakna eðlilega upp spurningar um ástæður og krafa er sett fram um úrbætur. Þeir þættir sem veiðiréttarhafar geta haft áhrif á er að tryggja að búsvæðum og vatnsgæðum í ánum sé ekki raskað. Einnig, að veiðiálag á fiskstofna sé innan þeirra marka að hrygning sé nægileg til að búsvæði árinna séu að fullu nýtt til seiðauppeldis. Það sem umfram er þann fjöldi hrogn sem að meðaltali þarf til að nýta uppeldissvæði áa er það sem verður til skiptanna fyrir veiðimenn til nýtingar. Minni hrygning en sem nemur þeim fjöldi hrogn sem þarf til viðhalds stofnsins fækkar einstaklingum í stofninum og veiðiþol hans minnkar. Ef ekki er brugðist við með því að draga úr veiðiálagi í tíma er hættu á að gangi á stofninn og að það hafi varanleg áhrif á hann.

Markmiðið vöktunar fiskstofna er að skrá ástand þeirra og gera grein fyrir breytingum sem orðið hafa miðað við fyrri ár. Með þessu er möguleiki að meta hvort og hvaða aðgerðir eru vænlegar til að tryggja viðhald fiskstofna til frambúðar á sjálfbæran hátt og viðhalda þannig bæði náttúru- og nýtanlegum verðmætum. Náttúrulegur breytileiki getur verið mikill og þurfa vistfræðirannsóknir því oft að standa yfir langan tíma til að nema tengsl og greina orsakasamhengi og þar með ástæður fyrir breytingum sem verða á fiskstofnum.

Tengsl á milli stærðar hrygningarstofns, seiðabéttleika og fiskgengdar hafa verið greind, og út frá því verið reiknuð viðmiðunarmörk fyrir hrygningarstofn laxa í Laxá í Aðaldal (Guðni Guðbergsson og Jóhannes Guðbrandsson 2020). Sú greining gefur að viðmiðunarmörk hrygningar þurfi að vera yfir fjögur hrogn á hvern fermetra botnflatar til að skila hámarks afrakstri fiskstofnsins og að viðmiðunarmörk séu frá 2,5 að 4 hrognum á fermetra. Ef hrognafjöldi er undir 2,5 hrognum á fermetra kallar ástandið á aðgerðir til að upphefja það ástand ef slíkt er mögulegt. Þar er um afar mikilvægt skref að ræða sem nýtist við veiðistjórnun fyrir veiðiréttarhafa til að varðveita stofn árinna til framtíðar. Svipaða greiningu á eftir að vinna fyrir Mýrarkvísl og Reykjadalssá og er það í vinnslu. Lögum samkvæmt á veiðinýting að vera sjálfbær og er stjórnun veiði á ábyrgð veiðiréttarhafa.

5 Aðferðir

Seiðamælingar voru gerðar með rafveiðum þar sem veitt er af ákveðnu flatarmáli árbotsins á sama hátt og á sömu stöðum og gert hefur verið undanfarin ár (sjá tilvísanir í kafla 3 „Fyrri mælingar“). Ein rafveiðiyfirferð var farin á hverri stöð og mælt flatarmál þess svæðis sem veitt var. Með einni yfirferð veiðist aðeins hluti þeirra seiða sem eru á viðkomandi svæði en unnt er að reikna vísitölu seiðabéttleika fyrir viðkomandi stöð, sem fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m² árbots.


Mæld var lengd og þyngd seiðanna auk þess sem kvarnir og hreistur var tekið til aldursgreiningar af hluta þeirra auk þess sem kyn, kynþroski og fæða var greind. Af 100 laxaseiðum í Laxá var klipptur hluti af eyrugga og varðveittur í etanóli til erfðagreininga.

Veiðarnar fóru fram í um mánaðarmótin ágúst-september 2025 á níu stöðum í Laxá frá Laxárvirkjun og niður fyrir Æðarfossa, á fjórum stöðum í Mýrarkvísl og fjórum í Reykjadalssá.

Í Laxá hefur frá sumrinu 2004 verið veitt á rafveiðistöð í landi Ytra-Fjalls til að fá betri yfirsýn yfir uppeldissvæði í Laxá skv. búsvæðamati (Guðni Guðbergsson 2004). Frá 2009 hefur einnig verið veitt á Breiðunni neðan Æðarfossa í ljósi þess hve margir fiskar voru þar á hrygningartíma haustið 2008 (Kristinn Ólafur Kristinsson 2010) (Mynd 2). Lengstu samfelldar seiðamælingar hafa verið gerðar á rafveiðistöðum 4-7 (frá Eskey að Hólmavaði, Mynd 2) og er þéttleiki eins árs seiða og eldri, á þeim stöðvum (4–7), notaður sem mælikvarði (vísitala) fyrir fjölda tilvonandi gönguseiða næsta vor.

Efsta rafveiðistöð í Mýrarkvísl er um 300 m fyrir neðan vegar við Langavatn, síðan við girðingarenda nærri veiðistað nr. 46 og á Þveráreyrum rétt ofan vaðs. Frá 2009 hefur jafnframt verið veitt neðan þess staðar sem áin fellur út úr gljúfrinu ofan Laxamýrar.

Þrjár stöðvar voru veiddar í Reykjadalssá auk einnar í Seljadalsá. Efsta stöðin er niður af bænum Stafn við veiðistaðinn Garðsendapoll, þá er stöð rétt ofan brúar á Þjóðvegi 1 og önnur við Laugar ofan veiðistaðarins Skemmupollur. Rafveiðistöð í Seljadalsá er við bæinn Jaðar. Jafnframt er reiknuð vísitala fyrir allar veiddar rafveiðistöðvar.



Mynd 2. Kort af rannsóknarsvæðinu. Rafveiðistöðvar eru merktar inn á kortið.

6 Niðurstöður

6.1 Hitastig

Hitamælir sem skráir hita á klukkustunda fresti er staðsettur á brú við Laxamýri og hafa mælingar farið þar fram frá og með árinu 1996. Lesið var af hitamælinum í byrjun september 2025 og náðu mælingar frá 1. september 2024 til 1. september 2025. Haustið 2024 var hitastig almennt undir eða við meðaltal utan hitatopps í byrjun nóvember. Meðalhiti (1. september 2024 - 1. september 2025) var almennt hærri en meðalhiti áranna 1996-2024 sem skýrist að hluta til af hita talsvert yfir meðaltali frá mars fram í lok maí (Mynd 3). Í júní kom kuldakafli en svo fór hiti aftur talsvert yfir meðaltal í júlí og var almennt hlýtt út ágúst.



Mynd 3. Hitaferill Laxár í Aðaldal. Hitamælir er staðsettur á brú við Laxamýri. Gula línan er meðalhiti hvers dags á árunum 1996-2024. Bláa línan er hiti síðastliðins árs. Athugið að lesið er af hitamæli 1. september þannig að bláa línan frá 1. september – 31. desember er hiti á árinu 2024.

6.2 Seiðamælingar

Alls var rafveitt í Laxá á 9 stöðum, samtals rúmlega 1.200 m². Heildarveiðin á þessum svæðum var 215 laxaseiði og 366 urriðaseiði auk eins bleikjuseiðis. Þéttleiki laxaseiða var mjög breytilegur milli staða (0–56 seiði á 100m²) en að meðaltali veiddust 17,8 seiði á hverjum 100 m² (Tafla). Þéttleiki urriðaseiða var einnig breytilegur milli staða (4,5–108,7 seiði á 100 m²), og að meðaltali veiddust 30,4 seiði á hverjum 100 m² (Tafla 1).

Tafla 1. Rafveiðistöðvar í Laxá, Mýrarkvísl og Reykjadalsá. Stærð botnflatar, fjöldi og þéttleiki laxa- og urriðaseiða í rafveiðum í haustið 2025.

Vatnsfall	Stöð	Flatarmál (m ²)	Fj. laxa	Fj. urriða	Lax/100 m ²	Urriði/100 m ²
Laxá í Aðaldal	<i>Eiríksklettur</i>	150,0	0	77	0	51,3
Laxá í Aðaldal	<i>Hraun</i>	93,8	1	102	1,1	108,7
Laxá í Aðaldal	<i>Ytra-Fjall</i>	124,8	3	44	2,4	35,3
Laxá í Aðaldal	<i>Hólmavað</i>	156,0	16	27	10,3	17,9
Laxá í Aðaldal	<i>Nes</i>	107,3	34	15	31,7	14,0
Laxá í Aðaldal	<i>Jarlstaðir</i>	124,0	45	38	36,3	30,6
Laxá í Aðaldal	<i>Núpar</i>	184,8	19	42	10,3	22,7
Laxá í Aðaldal	<i>Eskey</i>	110,7	62	5	56,0	4,5
Laxá í Aðaldal	<i>Breiðan</i>	154,0	35	16	22,7	10,4
Laxá í Aðaldal	Alls	1205,4	215	366	17,8	30,4
Mýrarkvísl	<i>Langavatn</i>	180,0	12	24	6,7	13,3
Mýrarkvísl	<i>Girðingarendi</i>	182,3	9	36	4,9	19,7
Mýrarkvísl	<i>Þveráreyrar</i>	23,1	66	12	285,7	51,9
Mýrarkvísl	<i>Laxamýri</i>	68,0	32	63	47,1	92,6
Mýrarkvísl	Alls	453,4	119	135	26,2	29,8
Reykjadalsá	<i>Stafn</i>	70,2	18	80	25,6	114
Reykjadalsá	<i>Hallbjarnarstaðir</i>	116,0	34	40	29,3	34,5
Reykjadalsá	<i>Laugar</i>	68,0	6	67	8,8	98,5
Reykjadalsá	<i>Seljadalsá</i>	82,6	45	22	54,5	26,6
Reykjadalsá	Alls	3368	103	209	30,6	62,1

Heildarflatarmál fjögurra rafveiðistöðva í Mýrarkvísl var rúmir 450 m² og var heildarveiðin 119 laxaseiði og 135 urriðaseiði. Þéttleiki laxaseiða fór frá 4,9 seiðum á 100m² í 285,7 og var meðalþéttleikinn 86,1 seiði á 100m². Meðalþéttleiki urriðaseiða var 44,4 seiði á 100m² (Tafla 1).

Í Reykjadalsá (með Seljadalsá) var heildarflatarmál fjögurra rafveiðistöðva 337m². Alls veiddust 103 laxaseiði og 209 urriðaseiði á þessum 4 stöðvum og fór þéttleiki laxaseiða úr 8,8 seiði á 100m² í 54,5 seiði á 100m². Meðalþéttleiki laxaseiða var 29,6 og meðalþéttleiki urriðaseiða var 68,4 seiði á 100m² (Tafla 1).

Vorgömul laxaseiði greinast frá eldri seiðum í lengdardreifingu og fyrir Laxá reyndust seiði upp að 7,75sm vera vorgömul en stærri voru þá eldri. Sambærileg tala fyrir Mýrarkvísl var 7,25sm og 5,45sm fyrir Reykjadalsá. Allar skilgreiningar voru staðfestar með tölfræðilegum prófum (ANOVA eða Mann-Whitney U-próf), og sýndu marktækan mun á meðal-lengd milli aldurshópa ($p < 0.001$ í öllum tilvikum). Mynstrið endurspeglar vel vistfræðilegan mun á milli ána, seiði eru almennt stærri í Laxá, með millistig í Mýrarkvísl og minnst í Reykjadalsá, sem samræmist hitastigi og framleiðslugetu þessara vatnsfalla (Tafla).

Tafla 2. Meðallengd aldurshópa ± staðalfrávik (cm), fjöldi mælinga innan sviga haustið 2025.

Vatnsfall	Tegund	0+	1+	2+	3+
Laxá í Aðaldal	Lax	6,1 ± 0,5 (124)	10,0 ± 1,1 (73)	12,7 ± 0,8 (18)	—
Mýrarkvísl	Lax	5,5 ± 0,9 (79)	8,7 ± 0,8 (32)	11,7 ± 1,1 (8)	—
Reykjadalsá	Lax	4,6 ± 0,4 (53)	6,5 ± 0,5 (37)	8,2 ± 0,4 (8)	10,8 ± 1,0 (5)
Laxá í Aðaldal	Urriði	6,7 ± 0,6 (317)	11,9 ± 1,4 (49)		
Mýrarkvísl	Urriði	5,3 ± 1,0 (102)	10,9 ± 2,0 (33)		
Reykjadalsá	Urriði	4,4 ± 0,3 (114)	6,9 ± 1,5 (95)		

Urriði sýnir sambærilegar niðurstöður en greint var á milli vorgamalla (0+) og eldri (1+ eða eldri) með sömu tölfræðiprófum og fyrir lax (sjá hér að ofan. Í Laxá ná urriðaseiði allt að 9cm á fyrsta ári, allt að 8cm í Mýrarkvísl og 5cm í Reykjadalsá (

Tafla og 3).


Tafla 3. Fjöldi og þéttleiki urriðaseiða í rafveiðum í Laxá, Mýrarkvísl og Reykjadalsá 2025 skipt í vorgömul og eldri seiði.

Vatnsfall	Stöð	Flatarmál (m ²)	Vorgömul seiði 0+		Ársgömul seiði 1+ og eldri	
			Fjöldi seiða	Fjöldi á 100 m ²	Fjöldi seiða	Fjöldi á 100 m ²
Laxá í Aðaldal	Eiríksklettur	150,0	31	20,7	46	30,7
Laxá í Aðaldal	Hraun	93,8	55	58,6	47	50,1
Laxá í Aðaldal	Ytra-Fjall	124,8	18	14,4	26	20,8
Laxá í Aðaldal	Hólmavað	156,0	10	6,4	17	10,9
Laxá í Aðaldal	Nes	107,3	9	8,4	6	5,6
Laxá í Aðaldal	Jarlstaðir	124,0	21	16,9	17	13,7
Laxá í Aðaldal	Núpar	184,8	18	9,7	24	13,0,
Laxá í Aðaldal	Eskey	110,7	3	2,7	2	1,8
Laxá í Aðaldal	Breiðan	154,0	4	2,6	12	7,8
Laxá í Aðaldal	Alls	1205,4	169	14	197	16,3
Mýrarkvísl	Langavatn	180,0	6	3,3	18	10,0
Mýrarkvísl	Girðingarendi	182,3	12	6,6	24	13,2
Mýrarkvísl	Þveráreyrar	23,1	5	21,6	7	30,3
Mýrarkvísl	Laxamýri	68,0	25	36,8	38	55,9
Mýrarkvísl	Alls	453,4	48	10,6	87	19,2
Reykjadalsá	Stafn	70,2	30	42,7	50	71,2
Reykjadalsá	Hallbjarnarstaðir	116,0	18	15,5	22	19
Reykjadalsá	Laugar	68,0	28	41,2	39	57,4
Reykjadalsá	Seljadalsá	82,6	10	12,1	12	14,5
Reykjadalsá	Alls	336,8	86	25,5	123	36,5

Laxá í Aðaldal

Niðurstöður rafveiða í Laxá í Aðaldal árið 2025 sýna svipað ástand laxaseiða og undanfarin 4 ár en þó aðeins yfir meðaltali frá 1985. Heildarpéttleiki var 17,8 seiði á 100 m², sem er yfir langtímameðaltali árána 1985–2024 (12,4 seiði/100 m²). Þegar litið er til aldursskiptingar kemur í ljós að bæði 0+ seiði (10,3/100 m²) og 1+ og eldri seiði (7,6/100 m²) voru yfir meðaltölum langtímans (5,7/100 m² og 6,7/100 m²; Mynd 4,

Tafla). Þetta bendir til þess að árgangurinn 2025 hafi bæði sterka nýliðun og jafnframt öflugan eldri hóp. Í samanburði við síðustu ár er árið 2025 því eitt það besta á síðari árum og gefur von um áframhaldandi góða framleiðslu í ánni. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að viðhalda vöktun til að fylgjast með sveiflum í stofnstærð og aldurssamsetningu seiða.



Mynd 4. Meðalpéttleiki vorgamalla (0+) laxaseiða og árgamalla og eldri (1+) á öllum rafveiðistöðum í Laxá í Aðaldal frá 1986-2025.


Ekki voru unnar greiningar á þéttleika urriðaseiða aftur í tímann en í raun má segja að urriði sé ríkjandi tegund á vatnasviðinu. Athygli vekur að efst í Laxá veiðast nær eingöngu urriðaseiði en svo dregur eitthvað úr þéttleika þeirra þegar neðar dregur (Tafla).

Tafla 4. Fjöldi og þéttleiki laxaseiða í rafveiðum í Laxá, Mýrarkvísl og Reykjadalsá 2025 skipt í vorgömul og eldri seiði.

Vatnsfall	Stöð	Flatarmál (m ²)	Vorgömul seiði 0+		Ársgömul seiði 1+ og eldri	
			Fjöldi seiða	Fjöldi á 100 m ²	Fjöldi seiða	Fjöldi á 100 m ²
Laxá í Aðaldal	Eiríksklettur	150,0	0	0	0	0
Laxá í Aðaldal	Hraun	93,8	1	1,1	0	0
Laxá í Aðaldal	Ytra-Fjall	124,8	1	0,8	2	1,6
Laxá í Aðaldal	Hólmavað	156,0	4	2,6	12	7,7
Laxá í Aðaldal	Nes	107,3	28	26,1	6	5,6
Laxá í Aðaldal	Jarlstaðir	124,0	32	25,8	13	10,5
Laxá í Aðaldal	Núpar	184,8	14	7,6	5	2,7
Laxá í Aðaldal	Eskey	110,7	42	37,9	20	18,1
Laxá í Aðaldal	Breiðan	154,0	2	1,3	33	21,4
Laxá í Aðaldal	Alls	1205,4	124	10,3	91	7,5
Mýrarkvísl	Langavatn	180,0	4	2,2	8	4,4
Mýrarkvísl	Girðingarendi	182,3	2	1,1	7	3,8
Mýrarkvísl	Þveráreyrar	23,1	40	173,2	26	112,5
Mýrarkvísl	Laxamýri	68,0	18	26,5	14	20,6
Mýrarkvísl	Alls	453,4	64	14,1	55	12,1
Reykjadalsá	Stafn	70,2	10	14,2	8	11,4
Reykjadalsá	Hallbjarnarstaðir	116,0	20	17,2	14	12,1
Reykjadalsá	Laugar	68,0	4	5,9	2	2,9
Reykjadalsá	Seljadalsá	82,6	32	38,8	13	15,7
Reykjadalsá	Alls	336,8	66	19,6	37	11

Mýrarkvísl

Niðurstöður rafveiða í Mýrarkvísl árið 2025 sýna gott ástand seiðastofna bæði laxa og urriða. Heildarþéttleiki laxaseiða var 26,2 seiði á 100 m², sem er verulega yfir meðaltali fyrri ára og umtalsvert hærra en mældist árið 2014 (16,3 seiði á 100 m²). Aldurskipting sýnir sterka nýliðun þar sem 0+ seiði voru 14,1 seiði á 100 m² og 1+ og eldri seiði 12,1 seiði á 100 m² (




Mynd 5. Þéttleiki vorgamalla (0+) laxaseiða og ársgamalla og eldri (1+) á öllum rafveiðistöðum í Mýrarkvísl 1998-2025.

Urriðaseiði voru einnig í háum þéttleika. Heildarþéttleiki þeirra var 29,8 seiði á 100 m², sem er rúmlega fjórfalt hærra en árið 2014 (6,5 seiði á 100 m²). Þar af voru 0+ seiði 22,5 seiði á 100 m² og eldri seiði 7,3 seiði á 100 m².

Þessar niðurstöður benda til þess að skilyrði til hrygningar og uppeldis árið 2025 hafi verið hagstæð. Sérstaklega er áberandi sterk nýliðun í báðum tegundum, sem gefur til kynna góðan stofnstyrk og jákvæðar aðstæður í ánni.

Reykjadalsá

Niðurstöður rafveiða í Reykjadalssá árið 2025 benda til góðs ástands seiðastofna bæði laxa og urriða. Heildarþéttleiki laxaseiða var 30,6 seiði á 100 m², sem er verulega hærra en árið 2024 þar sem meðaltal var um 17 seiði á 100 m² samkvæmt síðustu skýrslu. Aldursskipting sýnir sterka nýliðun, þar sem 0+ seiði voru 12,2 seiði á 100 m² og eldri seiði 18,4 seiði á 100 m² (Mynd 6).




Mynd 6. Þéttleiki vorgamalla (0+) laxaseiða og ársgamalla og eldri (1+) á öllum rafveiðistöðum í Reykjadalssá 1987-2025.

Urriðaseiði voru einnig í miklum þéttleika, eða 62,1 seiði á 100 m², sem er veruleg aukning frá árinu 2024 (um 30 seiði á 100 m²). Skiptingin sýnir 0+ seiði 33,8 seiði á 100 m² og eldri seiði 28,2 seiði á 100 m².

Þessar niðurstöður gefa til kynna að framleiðslugeta árinna hafi verið mjög góð árið 2025, bæði fyrir lax og urriða. Nýliðun virðist sterk og eldri árgangar einnig, sem bendir til stöðugs og heilbrigðs seiðastofns í Reykjadalssá.

Vísitala tilvonandi gönguseiða í Laxá

Vísitala tilvonandi gönguseiða gaf 7,6 seiði á þeim fjórum veiðistöðvum þar sem lengst gagnaröð liggur fyrir en það er litlu lægra en árið 2024 sem var 8,2. Aftur á móti var aukning í fjölda þegar allar stöðvar voru teknar saman sem gaf vísitöluna eða 8,7 seiði á hverja 100m² sem er aukning frá fyrra ári (7,0) (Mynd 7).



Mynd 7. Vísitala fyrir þéttleika laxaseiða, árgamalla (1+) og eldri, á hverja 100 m² á rafveiðistöðvum við Hólmað, Jarlsstaði, Núpa og Eskey 1985-2025 (efri mynd) og vísitala seiðapéttleika árgamalla (1+) og eldri seiða á öllum stöðvum í Laxá saman (neðri mynd)


6.3 Veiðin í Laxá, Mýrarkvísl og Reykjadalssá

Í Laxá voru skráðir 628 laxar í veiði 2025 sem er um 46,6% af meðalveiði árána 1974 – 2024, sem er 1.348 laxar (,Tafla). Alls var 583 löxum sleppt og var hlutfall slepptra laxa um 93%.

Nokkuð líkur taktur var í veiði á laxi og silungi (urriða og bleikju) í Laxá í Aðaldal fram til ársins 2003 en eftir það hefur bleikjuveiði minnkað, en taka má fram að aukning varð sumarið 2024. Minnkun varð í veiði allra tegundanna sumarið 2025 miðaða við fyrra ár.

Tafla 5. Veiði í Laxá í Aðaldal samkvæmt veiðiskráningu á árunum 1974-2025.

Ár	Veiði	Lax		Veiði	Urriði		Veiði	Bleikja	
		Sleppt	Afli		Sleppt	Afli		Sleppt	Afli
1974	1817		1817	954	0	954		0	0
1975	2326		2326	615	0	615	17	0	17
1976	1777		1777	975	0	975	7	0	7
1977	2699		2699	884	0	884	31	0	31
1978	3063		3063	1324	0	1324	37	0	37
1979	2372		2372	1306	0	1306	40	0	40
1980	2324		2324	840	0	840	79	0	79
1981	1455		1455	212	0	212	5	0	5
1982	1304		1304	87	0	87	0	0	0
1983	1109		1109	175	0	175	2	0	2
1984	1256		1256	2883	0	2883	75	0	75
1985	1911		1911	3480	0	3480	110	0	110
1986	2730		2730	2117	0	2117	73	0	73
1987	2422		2422	835	0	835	35	0	35
1988	2255		2255	894	0	894	187	0	187
1989	1619		1619	1079	0	1079	114	0	114
1990	1543		1543	1275	0	1275	137	0	137
1991	1439		1439	1465	0	1465	86	0	86
1992	2295		2295	1286	0	1286	48	0	48
1993	1983		1983	1307	0	1307	114	0	114
1994	1226		1226	705	0	705	57	0	57
1995	1116		1116	900	0	900	52	0	52
1996	1047	96	951	594	0	594	29	0	29
1997	1227	194	1033	929	0	929	64	0	64
1998	1928	237	1691	1068	0	1068	52	0	52
1999	845	168	677	1232	10	1222	48	0	48
2000	916	207	709	1647	67	1580	115	0	115
2001	1042	321	721	1796	87	1709	121	2	119
2002	1189	359	830	1542	70	1472	91	1	90
2003	624	228	396	905	251	654	37	2	35
2004	947	542	405	1386	490	896	27	0	27
2005	1025	404	621	2029	930	1099	32	5	27
2006	825	565	260	1149	472	677	8	1	7
2007	1055	933	122	1128	437	691	25	12	13
2008	1168	1090	78	213	26	187	2	0	2
2009	1078	954	124	1329	573	756	15	2	13
2010	1493	1328	165	613	137	476	26	3	23
2011	1089	896	193	665	210	455	17	4	13
2012	427	383	44	334	166	168	3	0	3
2013	1008	900	108	412	166	246	1	0	1
2014	829	743	86	290	116	174	0	0	0
2015	1183	999	184	355	194	236	3	1	2
2016	1200	960	240	767	307	460	8	5	3
2017	711	689	22	543	295	248	3	3	0
2018	608	582	26	359	220	139	2	0	2
2019	510	438	72	284	55	229	2	0	2
2020	388	371	17	697	392	305	9	5	4
2021	401	389	12	594	363	231	21	15	6
2022	433	423	10	1126	910	216	28	25	3
2023	686	666	20	1372	1228	144	19	15	4
2024	826	812	14	1638	1164	480	95	84	11
2025	628	621	7	482	221	161	41	26	15
Meðaltal	1334	583	998	1021	184	837	44	4	39
Mesta	3063	1328	3063	3480	930	3480	187	12	187
Minnsta	427	96	7	87	0	87	0	0	0




Mynd 8. Veiði á laxi, urriða á bleikju í Laxá í Aðaldal á árunum 1974-2025.

